

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 2,1 milljarði króna í september en þar af voru tæpir 1,9 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í september 2010 einnig tæpum 1,9 milljarðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 8,7 milljónir króna í september. Heildarfjárhæð almennra lána fyrstu 9 mánuði ársins er samtals um 17,7 milljarðar króna en var um 12,9 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Þann 30. september síðastliðinn ákvað sjóðurinn að efna til þriðja útboðs á íbúðabréfum á árinu 2011. Niðurstaða útboðsins var tilkynnt 3. október ásamt vaxtaákvörðun útlána.

Vísitala neysluverðs í september 2011 hækkaði um 0,63% frá fyrra mánuði (hækkaði um 0,75% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,7% og vísitalan án húsnæðis um 5,5%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1% sem jafngildir 4,1% verðbólgu á ári (3,6% verðbólgu fyrir vísitöluna án húsnæðis).

Alls veitti Íbúðalánasjóður 1.753 almenn íbúðalán fyrstu níu mánuði ársins í samanburði við 1.413 lán á sama tímabili í fyrra, sem er um 24 % aukning. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var samtals 3.937 kaupsamningum þinglýst á sama tímabili á árinu 2011 og 3.570 á árinu 2010 sem er um 10% aukning milli ára.


Ávöxtunarkrafa á HFF14, HFF34 og HFF44 lækkaði í september og nam lækkunin 2 -120 punktum eftir flokkum. Ávöxtunarkrafa HFF24 hækkaði um 6 punkta. Frá áramótum hefur ávöxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa lækkað um 12-75 punkta en lækkan ávöxtunarkröfu HFF14 nemur um 366 punktum.

Fjármögnun sjóðsins samanstendur af íbúðabréfum og hús- og húsnæðisbréfum. Þann 30. júní sl. voru útistandandi íbúðabréf um 97% af heildarútistandandi fjármögnun sjóðsins á markaðsvirði. Taflan hér til hliðar sýnir eigendur íbúðabréfanna þann 30. júní.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 47 milljarðum króna í september samanborið við um 64 milljarða í ágúst 2011.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu tæpum 7,3 milljarðum króna í september. Uppgreiðslur í september námu um 979 milljónum króna.

Útlánavextir Íbúðalánasjóðs 2008 - 2011



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2011

Í milljarðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2011*	Raun jan-sept 2011
Útgáfa íbúðabréfa**	7 - 9	4,6	14 - 18	10,0
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	6,7	12 - 16	19,5
Greiðslur ÍLS	15 - 17	17,4	33 - 37	55,8


*Skv. áætlun fyrir Q3 og Q4

**Útgáfa á nafnvirði

Endurskoðuð áætlun 2011

Í milljarðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnverð)	7 - 9	7 - 9	14 - 18
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsverð)	10 - 13	10 - 13	20 - 26
Ný útlán ÍLS	6 - 8	6 - 8	12 - 16
Greiðslur ÍLS	15 - 17	18 - 20	33 - 37

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa



Flokkur	júlí 2011	ágú. 2011	sept. 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	-0,73%	-0,61%	-1,81%	1,7	70,7	24,0
HFF24	2,59%	2,25%	2,32%	6,1	164,2	116,3
HFF34	3,25%	3,12%	3,09%	10,0	175,2	149,8
HFF44	3,34%	3,23%	3,17%	13,7	268,4	245,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.

Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok september '11.


Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í hverjum flokki

sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Eigendur íbúðabréfa 30. júní 2011

Eigendur íbúðabréfa 30. júní 2011	Hluti
Lífeyrisjóðir	57%
Erlendir aðilar	18%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	7%
Lánafyrirtæki	5%
Bankar og sparisjóðir	4%
Íbúðalánasjóður	3%
Önnur fyrirtæki	3%
Einstaklingar	2%
Aðrir	1%

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa

